

SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA - DESEMBER 1995 - 1. TÖLUBLAÐ - 2. ÁRGANGUR

INGVAR SIGURÐESSON, LEIKARI - AEROBIC-STÖÐIN - RÓMÓ
POSSI - STJÖRNUSPÁ - MYNDIR ÚR SKÓLALÍFINU - O. FL.

Púlsinn



372.05 Púl 1995;2

16758191

Púlsinn :

Grundaskóli

Bókasafn
Grundaskóla

372.05
Púl
1995;2

Ritstýráðbankangur

Kæru samnemar!

Nú er PÚLSINN kominn út í annað sinn og hefur hann aldrei verið betri.

Þó tíminn væri stuttur fannst okkur ritstýrum og þrælunum þ.e.a.s. Berglindi, Sindra, Helgu Kr., Gerði, Kötlu, Sigrúnu, Ingu Magný, Ragnheiði, Hjördísi, Rebekku, Erlu, Lovísu, Sigurði, Páli, Steinþóri, Júlíönu og Malla móra að vel hafi tekist með efnisöflun og vonum við að allir muni finna eitthvað við sitt hæfi.

Jólabókaflóðið er nú í hámarki en líklegast er PÚLSINN það eina sem eitthvað vit er í og teljum við hann vera þarfasta lestrarefni á öllum salernum í bænum og getur hann stytst stundir milli "hríða".

Svo viljum við þakka öllum sem styrktu okkur (einnig appelsínugula umslaginu) fyrir hjálpina við útgáfu PÚLSINS.

Að lokum viljum við benda á að "Ragur er sá sem við rassinn glímir" nema hann hafi áhuga.

Með jólakveðju,

Ritstýrur

Dagný og Lilja




Kveðja frá nemendaráði

Um leið og við viljum óska lesendum Púlsins gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, langar okkur til að segja ykkur í örstuttu máli frá starfsemi nemendaráðs, það sem af er þessu skólaári. Félagslífið fór óvenju fljótt í gang þetta árið. Ball var haldið fyrsta föstudaginn og opin hús fóru að ganga mjög fljótt. Þetta árið lagði nemendaráð ríka áherslu á að koma út góðum nemendaskírteinum og símaskrá. Að þessu sinni var símaskráin gefin út í samvinnu við nemendaráð Brekkubæjarskóla og er það í fyrsta skipti og tókst bara ágætlega að okkar mati. Hinn árlega Húllumhæ-dag héldum við í október, en hann hefur verið haldinn til að bjóða 8. bekkinga velkomna upp í B-álm. Hófst dagurinn á að krakkarnir sömdu spurningar um kynlíf til að leggja fyrir góða gesti sem heimsóttu okkur. Kl. 11:00 byrjaði síðan íþrótt- og teiknisamkeppni í íþróttahúsinu. Að lokum viljum við minna alla nemendur B-álmunnar á að þeir geta tekið þátt í að skapa félagslífið með því að koma hugmyndum á framfæri við fulltrúa nemendaráðs. Allar hugmyndir eru vel þegnar.

Eftirtaldir skipa stjórn nemendaráðs Grundaskóla skólaárið 1995-1996:

*Sindri Birgisson, formaður
Kristín Sævarsdóttir, gjaldkeri
Ása Valgerður Eiríksdóttir, varaformaður
Katrín Rós Baldursdóttir, ritari
Inga Lilja Sigmarsdóttir
Ásgeir Ólafur Ólafsson
Jófríður María Guðlaugsdóttir
Maron Kærnested Baldursson
Matthildur K. Sóphusdóttir*



Ágætu lesendur

Jólahátíðin fer í hönd og stress desembermánaðar, sem er í hrópandi mótsögn við hátíð ljóss og friðar. Miklar væntingar eru um gjafir og glys og solumennskan nær hámarki. Þrátt fyrir allt þetta umstang gefa jólin og áramótin okkur oft tækifæri til að líta til baka og hugsa. Hvernig líður okkur? Hvernig er heimurinn í dag? Erum við á réttri leið? Koma okkur við hörmungar og stríðsátök sem oftast eru í fréttunum? Getum við leyft okkur að vera óánægð með hlutskipti okkar hér á Íslandi samanborið við svo marga aðra í heiminum? Hvernig getum við látið eitthvað gott af okkur leiða? Við ráðum ekki né stjórnun þróun heimsins en mikilvægasta framlag hvers og eins okkar til að bæta heiminn er að bæta okkur sjálf og umhverfi okkar. Notum jólin til að hugleiða hvað er okkur mest virði í lífinu, hvernig við getum látið eitthvað gott af okkur leiða, hvernig við getum látið öðrum líða vel í návist okkar.

Bestu óskir til ykkar allra lesendur góðir um gleðilega og friðsæla jólahátíð, gott og gæfuríkt komandi ár. Nemendum, foreldrum og samstarfsfólki þakka ég mikið starf og ótal ánægjulegar samverustundir á undanförunum árum og vona að við eigum margar slíkar stundir framundan.

Gleðilega hátíð

Guðbjartur Hannesson.

Þeir dóu of ungir

Kurt Cobain 1967-1994 (Tuesday, 5. apríl/fundinn 8. apríl)
"I haven't felt the excitement of listening to music along with writing something for years now. I feel guilty beyond words about these things. The fact is I can't fool you. It isn't fair to you or to me. The worst time I could think of would be to put people off by faking it, by pretending I am having 100% fun. Sometimes I feel as if I should have a punch-in time clock before I walk on stage. I still can't get out the frustration, the guilt and the empathy I have for everybody. There's good in all of us and I simply love people too much. So much that it makes me feel too "fucking" sad. Too sad, a little sensitive, unappreciative, pesces, Jesus, man."

PÝÐING

Kurt Cobain 1967-1994 (Þriðjudagur, 5. apríl/fundinn 8. apríl)
"Ég hef ekki fundið ánægjuna fyrir því að hlusta á tónlist ásamt því að skrifa eitthvað árum

saman. Orð fá því ekki lýst hvernig mér líður gagnvart þessu. Staðreyndirnar eru þær að ég get ekki blekkt ykkur. Það er hreinlega ekki sanngjarnt gagnvart ykkur eða mér. Versti glæpurinn sem ég gæti hugsað um væri sá að láta fólk halda að ég hefði 100% gaman af þessu. Stundum finnst mér eins og ég þurfi að stimpla mig inn áður en ég fer á svið. Ég get ekki ennþá losað mig við spennuna, sektartilfinninguna og tómið sem ég ber til allra. Það er eitthvað gott í öllum og ég elska fólk hreinlega of mikið. Svo mikið að mér líður of andskoti illa. Of illa, lítið tilfinningasamur, vanmetinn, Jesús maður."

River Phoenix 1970-1993 (01:00 em, 31. Október '93)

River Phoenix, "clean-living" stjarna var studdur af leikkonunni Samöndu Mathis, sem var unnusta hans, og af Joaquin Phoenix yngri bróður sínum út úr næturklúbbnum. Með þeim var einnig 20 ára

gömul systir hans, Rainbow Phoenix. River virtist dauðadrukinn. Skyndilega féll hann á jörðina og þá byrjuðu kippirnir, fyrst einn, svo annar. Augun í honum rúlluðu aftur svo aðeins sást í hvítuna, hendurnar hristust, og flugu upp og niður. Rainbow lá ofan á honum að reyna að stoppa kippina. Eftir fimmta kippinn lá hann kyrr. River Phoenix, 23 ára stjarna var látinn. Elskaður af myndavélum, elskaður af aðdáendum, vinum og skyldkfólki. Fimm mínútum seinna kom hjálpin. En of seint, enginn þúls, enginn andardráttur. Klukkan 1:51 eftir 20 mínútur á gjörgæslu var hann opinberlega úrskurðaður dáinn. Aðeins á örskömmum tíma barst fréttin út um alla Ameríku og spiluð var upptaka of hjálparbeiðni angistafulls bróður Rivers. "Bróðir minn er með kippi! Ég held að hann hafi tekið inn Valíum eða eitthvað. Þið verðið að koma, gerið það, því hann er að deyja!!!"

Þúlsinn, skólablað Grundaskóla 1995 kemur nú út í annað sinn.

Ritstjórar:

Dagný Jónsdóttir, 10. LJ
Lilja Gunnarsdóttir, 10. S.

Ábyrgðarmaður:

Sigtryggur Karlsson

Uppsetning: Birgir Einarsson. Prentun: Prentverk Akraness hf.

Fékk hnífinn beint í augað

Viðtal við Ingvar Sigurðsson, leikara

Pann níunda desember fór-um við, Begga og Sindri til Reykjavíkur til þess að taka viðtal við Ingvar Sigurðsson leikara. Við tókum Akra-borgina kl.11:00 á laugardagsmorgni. Það var heldur þungbúið veður þegar við röltum upp á Ingólfsstræti og settumst inn á kaffihúsið Ara í Ögri við borð út í horni við gluggann. Ingvar kom síðan gangandi niður götuna og settist inn til okkar á slaginu 12:30. Við fengum okkur heitt súkkulaði og vöffur og hófum viðtalið. Ingvar var mjög opinskár og það var þægilegt að tala við hann. Ingvar var klæddur í mjög skræpotta peysu, bláar gallabuxur (með leðurbot á rassinum) og í svörtum leðurjakka. Hann var mjög hress og brosið hvarf ekki af vörum hans allt viðtalið.

Ingvar Sigurðsson fæddist á fæðingarveild Landsspítalans þann 24. nóv 1967. Hann ólst upp í Reykjavík og átti heima þar til 18 ára aldurs. Þá flutti hann til Borgarness og stundaði nám að Reykholti fyrstu tvö árin. Þriðja árið stundaði hann eins konar fjarnám við Fjölbrautina hér á Skaganum, en hann er þó ekki stúdent. Það má kannski segja að Ingvar hafi byrjað leikferilinn sinn í Borgarnesi því þar skráði hann sig í Leikdeild Skallagríms. Þegar hann var lítill, dreymdi hann

um að verða leikari eða tónlistarmaður. Reyndar spilaði hann í nokkrum bílskúrsböndum, þá á trommur eða hljómborð.



Alltaf brosandí

En honum fannst það bara svo fjarlægur draumur að hann sagðist vilja verða prestur. Honum fannst það miklu líklegri framtíð. Ingvar Sigurðsson útskrifaðist ekki úr Leiklistarskóla Íslands fyrr en árið 1990. Eftir að Ingvar hætti í Fjölbrautinni og áður en hann byrjaði í Leiklistarskólanum öðlaðist hann víðtæka reynslu við fjölbreytt störf til sjós og lands. Ingvar er nú samningsbundinn Þjóðleikhúsinu. Meðal verka sem Ingvar hefur leikið í má nefna: Pétur Gaut þar sem hann lék Pétur Gaut, Kæru Jelenu, Strætið, Gauragang, Hárið, Sanna karlmenn o.fl.

Hvaða leikverk stendur upp úr af þeim sem þú hefur leikið?

Ég veit það ekki, örugglega

leikritið Pétur Gaut, en það var fyrsta verkið mitt eftir að ég útskrifaðist og þá lék ég Pétur Gaut, aðalhlutverkið.

Hvert er draumahlutverkið?

Æ, mér finnst ég alltaf vera að leika draumahlutverkið. Ef leikstjórinn, handritið og bara allt er í lagi þá er það draumahlutverkið.

Hvað ert þú að gera þessa dagana?

Nú er ég nýbúinn að klára leikritið "Sannir karlmenn" í Þjóðleikhúsinu sem er alveg frábært leikrit. En er núna að æfa leikritið Don Juan eftir Molière. Sem er leikstýrt af þrem Litháum. (Síðan sagði hann nöfnin þeirra og hló en við lögðum hreinlega ekki í að skrifa þau eftir honum.) Hann sagði samband þeirra ganga vel, þeir tala rússnesku og hafa túlk á íslensku.

Hvernig finnst þér að leika tölustafamanninn í Stundinni okkar og nú stafamanninn? Hvernig kom það til?

Mjög gaman. Gunnar og Felix höfðu þessa hugmynd um að gera tölur og stafi úr hinum og þessum hlutum og hringdu í mig og báðu mig að vera með. Ég tók því með því skilyrði að ég fengi að velja mann með mér í þetta. Þeir samþykktu það og ég fékk með mér Sigurð Sigurjónsson. En hann leikstýrir og hjálpar mér með þetta.

Hvort líkar þér betur að vinna í leikhúsi eða fyrir sjónvarpið?

Eiginlega leikhúsin en þetta er mjög ólíkt. Ég kann líka miklu betur á leikhúsið, leikhúsið er mitt heimili. Svo er

(Þetta var einskonar tréhnífur.) Þá átti að vera sýning daginn eftir en henni varð að fresta því ég var svo illa útlítandi og það var ekki hægt að bjarga því.

leika. Sko þetta var svona Chaplin atriði, ég barði alltaf til hins manns-ins, hann beygði sig alltaf svo að ég tók alltaf vindhögg. Svo var það í eitt skipti sem ég barði til hans en það vildi



Stoltir blaðamenn Púlsins með Ingvari

R.Ú.V. líka svo furðulega rekin stofnun. Það er t.d. fullt af hæfileikaríku fólki sem situr bara heima hjá sér með pennann, tilbúið að skrifa íslenskt efni. En þeir fá það ekki því að þeir sem ráða hjá R.Ú.V. segja það of dýrt, en sannleikurinn er sá að þeir bruðla bara peningunum í annað.

Hefur aldrei þurft fresta sýningu hjá þér?

Jú, þess hefur einu sinni þurft. Þá var ég að æfa svona skilmingatriði. Ég átti að verða stunginn með hníf í andlitið en það vildi ekki betur til en svo að ég fékk hnífinn beint í augað.

Hvað er það eftirminnilegasta sem þú hefur lent í?

Eru þið að meina svona óhapp. Jú, það var náttúrulega þegar ég var stunginn í augað. En svo var það einu sinni þegar ég var á lokaárinu mínu í Leiklistarskóla Íslands þá áttum við að setja upp leikrit í tilnefni þess að það var verið að opna Borgarleikhúsið og það var mikil hátíð. Skólastjórinn í Leiklistarskóla Íslands lét þjappa alveg rosalega inn og fólk sat alveg upp við sviðið. Svo átti ég að leika í bardagaatriði og átti að berjast við mann með staf. Ingvar stendur upp og byrjar að

ekki betur til en svo að stfurinn fór rétt fram yfir sviðsbrúnina og beint í nefið á finni frú sem sat á frems-ta bekk. Hún fór að gráta en hljóp síðan út í hléi. Ég fékk alveg sjokk, því það versta sem þú getur gert er að slasa á-horfanda. En ég heimsótti konuna stuttu seinna og gaf henni blóm og var ferlega "næs". Hún grenjaði svolítið en fyrirgaf mér samt.

Hvernig líður þér vel, hvernig klæðir þú þig?

Mér finnst bara, æ ég veit ekki bara svona. (Og bendir á sjálfan sig.)

Framhald á næstu síðu

Ingvar - framhald.

Hvernig unglingur varst þú?

Ég var rosalega feiminn, ekki innan bekkjarins heldur út á við. Gamli bekkjarfélagar mínir segja t.d. við mig í dag: ekki datt mér í hug að þú yrðir leikari.

Nú varst þú valinn kynþokkafyllsti maður Íslands 1994 af hlustendum rásar 2. Hvernig er að bera þann titil?

Ég finn nú óskaplega lítið fyrir því. Verð ekki fyrir neinum óþægindum. Það var svolítið um hringingar heim fyrst og það fór

svolítið í taugarnar á mér. En nú er símanúmerið mitt ekki í símaskránni svo því hefur linnt.

Hvað finnst þér um frjálsar ástir?

Ef fólk getur lifað samkvæmt þeirri hugsun, er mér alveg sama.

Ef þú ættir eina ósk. Hvers myndir þú óska þér?

Veit það ekki. Segi þér það ekki. (segir hann og glottir grallaralega.)

Svo að lokum. Átt þú Euro Atlas kreditkort?

Nei!

Ingvar hættir að hræra í sultunni líkt og hann hafði gert alla vega hálfvitalið. Hann stendur upp, klæðir sig í leð-urjakkann og þakkar fyrir sig. Síðan stillir hann sér upp fyrir myndatöku, eftir það kveður hann og óskar okkur góðs gengis í framtíðinni.

Þar með var hann hlaupinn. (Hann þurfti víst að vera mættur annars staðar).

skóaskáldin

Hér á göngum Grundaskóla höfum við rekist á nokkur ung og efnileg ljóðskáld og fannst okkur tilvalið að birta efni eftir nokkur þeirra.



LJÓÐ
Ég er feimin gul fluga.
Ég ferðast.
Ég er föst.
Hvað.

KATLA

KENningarinn Minn

Hann gengur um grimmur um götur og torg og virðist hann dimmur það veitir mér sorg.

Hann er blíður og raunsær hugsar langt og rétt yfir honum hvílir góður blær hann er bangsi besta skinn og höfum það þétt.

RAKEL

ÁST

Ég sit hér enn og hugsa hvað get gert hvað get ég sagt.

Ég er að brenna úr ást en hún labbar þá að mér og segir:

“Ó þú ert svo sætur”.

Hjartað tekur kipp,

ó ég verð rauður

já næstum dauður úr

ÁST.

STEINI

ÁST

Þetta bros er sætt eins og gos

eitt bros gerir mann kátan og

þá er ekki aftur snúið en lífið

verður ekki búið því þá kemur

BLIKK frá auga og þá kemur

straumur, sælu straumur.

Þú verður ástfangin.

STEINI

HJÖRDÍS

Hún er sæt og góð

og syngur falleg ljóð

hún skín eins og gull

og dýrkar mitt nudd.

Jú þetta er hún sæta

“Dísin” mín.

STEINI

AEROBIC-STÖÐIN

Nýlega var opnuð hér á Akranesi ný líkamsræktarstöð (Aerobic-stöðin) í sama húsi og gamla líkamsræktarstöðin. Við notuðum tækifærið og spurðum nýja eigandann, Kristinn Einarsson, nokkurra spurninga.

NAFN?

Kristinn Einarsson.

ALDUR?

38 ára (á besta aldri).

MAKI?

Benedikta Gísladóttir.

HVERSU LENGI HEFURÐU STARFAÐ SEM AEROBIC LEIÐBEINANDI?

Í rúm 5 ár, en ég hef stundað aerobic í 9 ár.

PARF EITTHVAÐ SÉRSTAKT NÁM TIL AÐ VERÐA AEROBIC LEIÐBEINANDI?

Þetta er kennt við Íþróttakennaraskóla Íslands.

ER ÞETTA VEL LAUNAÐ STARF?

Ekki miðað við vinnutímann en miðað við kennarastarf er það vel launað.

HVAÐ STARFA MARGIR KENningarAR Í AEROBICSTÖÐINNI?

Við erum 5 kennarar en ég er sá eini sem er ekki menntaður, þó sækji ég öll námskeið sem að ég kemst á.

HEFUR ÁHUGINN AUKIST MIKIÐ AÐ UNANFÖRNU?

Já, ég mundi segja það. Það hefur þó alltaf verið mikill áhugi á íþróttinni.

ER AEROBIC DÝRT SPORT?

Ekki mundi ég segja það.

HVAÐA TÍMAR ERU VINSÆLASTIR?



Kristinn stillti sér upp fyrir okkur.

Byrjendatímarnir eru alltaf vel sóttir, bæði af byrjendum auk þeirra sem lengra eru komnir. Þó finnst mér að pallar II séu skemmtilegastir.

AF HVERJU TELURÐU AÐ FLEIRI STELPUR EN STRÁKAR SÆKI TÍMANA?

Þeir eru feimnari en stelpurnar en þó eru þeir farnir að sækja í sig veðrið.

ATHYGLISVERÐ KÖNNUN

Í desember var þemavika þar sem unglingar höfðu tækifæri til að fjalla um ýmis mál er snerta unglinga og mál sem vekja forvitni þeirra. Meðal efnis sem boðið var upp á, var umfjöllun og könnun á kynnum unglinga skólans af vímuefnum. Hér fyrir neðan eru nokkrar tölulegar niðurstöður úr könnuninni.

HEFUR ÞÚ NEYTT ÁFENGIS?

8.Bekkur	9.Bekkur	10.Bekkur
Já=14,2%	Já=44,1%	Já=59,5%
Nei=85,7%	Nei=55,8%	Nei=40,4%

HEFUR ÞÚ KEYPT LANDA?

8.Bekkur	9.Bekkur	10.Bekkur
Já= 2,8%	Já= 6,9%	Já=17%
Nei=97,2%	Nei=93,1%	Nei=83%

HEFUR ÞÚ NEYTT FÍKNIEFNA?

8.Bekkur	9.Bekkur	10.Bekkur
Já= 0%	Já= 6,9%	Já= 8,6%
Nei=100%	Nei=93,1%	Nei=91,4%

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VAR VIÐ SÖLU FÍKNIEFNA Á AKRANESI?

8.Bekkur	9.Bekkur	10.Bekkur
Já=14,2%	Já=34,8%	Já=49%
Nei=85,8%	Nei=65,2%	Nei=51%

Spak mæli

Það er kvenlegt að gera mistök og guðdómlegt að vera maður.

Hvað eiga karlmenn og bjórflöskur sameiginlegt? Tóm frá hálsi og uppúr.

Það má læra heilmargt um ástina í bíó ef maður lætur myndina ekki trufla sig.

Sá sem getur ekki það sem hann vill verður að gera það sem hann getur.

Ráð eru þess virði sem þau kosta, það er að segja einskis virði.

Ekkert kynlíf er öruggt kynlíf.

Aldrei að segja aldrei.

Það er alltaf verst fyrst og svo smá versnar það.

Eftirtalin fyrirtæki styrktu útgáfu þessa skólablaðs.
Ritnefnd þakkar þeim fyrir.

Olísnesti	Bókaskemman
Vélaverkstæði Guðlaugs Ketilssonar	Akrasport
Sjóvá - Almennar	Traðarbakki
Tungusól	Bókaverslun Andrésar Nielssonar
Langisandur	Olís
Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar	Haraldur Böðvarsson
Blikksmiðja Guðmundar Hallgrímssonar	Landsbankinn
Skagamarkaðurinn	Vátryggingafélag Íslands
Tryggingamiðstöðin	Ljósmyndastofa Akraness
Akranes Apótek	Smurstöð Akraness


Hver er þessi "ungi myndarlegi, skemmtilegi og enn fremur feimni maður sem þeytist um körfuboltavöllinn og raðar niður körfum?

Við stöllum, Rebekka og Hjördís, ákváðum að fá svarið við þessari spurningu og því mæltum við okkur mót við hann á heimili hans að Sóleyjargötu 8. Þarna sat hann ný kominn úr sturtu í Manchester-bol og bláum gallabuxum, með glas af appelsíni í hendinni og alveg skælbrosandi (eins og vanalega). Hann bauð okkur sæti og við hófum spjallið.

Hann heitir Haraldur Þór Leifsson en flestir þekkja hann undir nafninu Halli Leifs en ungu stelpurnar sem ganga með grasið í skónum á eftir honum vilja heldur kalla hann Harald "Rómó" Leifsson (ætli eitthvað sé til í því?). Hann fæddist þann 16. október 1968 á Sauðárkróki. Hann á yndislega kærustu sem heitir Ólöf Lilja Lárusdóttir og er hún "allri" kvenþjóðinni til ama. En næsta kynslóð þarf ekki að örvænta því að Halli á 4 ára gamlan son sem heitir Birgir Viðar og á hann örugglega eftir að feta í fótspor föður síns. Halli er nemi í málmíðnaði ásamt því að þjálfa unga drengi í körfubolta.

Hann er ljóshærður með blá augu og þykir hár og grannur. Bestu vinir eru þeir Dagson og Böddi Holly. Gæludýr hans eru Óli og Rúnar.

Hann hóf að spila körfubolta '82 með Tindastól en Skagamenn nældu í hann '92 og hefur hann spilað með þeim síðan. Hann hefur unnið marga



Enginn smásmíði hann Halli "rómó"!

Hann á engan bíl en að hans sögn hefur hann einkadræver á Skoda. Áhugamál hans er sport og ekkert annað en sport, en ætli það sé ekki körfuboltinn sem stendur upp úr.

titla á ferlinum og var valinn besti leikmaður ÍA 1995. Hans uppáhalds sjónvarpsþættir eru SPK og Bumbu Lottó (sem hann frægur fyrir að vinna í) þótt hann eigi ekki síma.

Hann er algjör alæta á tónlist og fílar allt frá einleik á blokkflautu til þungarokks. Hann er mathákur hinn mesti og bíður spenntur eftir jólamatnum sem eflaust er svínasteik, en það er hans besti matur.

Sem lítinn snáða dreymdi hann um að verða sjómaður og oft mátti sjá litla snáðann standa tímum saman á bryggjunni og horfa með eftirvæntingu á eftir stóru skipunum.

Við spurðum hann hvað hann myndi gera ef hann væri einráður. Hann sagðist vilja endurvekja

Honum finnst framkoma skipta öllu máli í fari fólks og honum líkar ekki fólk sem tekur vonda skapið með sér þegar það getur skilið það eftir heima. Það fyrsta sem hann tekur eftir í fari kvenmanna er hlátur, nærföt, augu, varir, rass og framkoma. En fylgir Halli Leifs tískunni? Nei, hann klæðir sig eins og honum finnst þægilegt. Einhver ráð handa unga fólkinu í dag? Lifa lífinu lífandi.

Einn dagur í lífi Halla Leifs: Ég vakna klukkan 6:50 og tek mig til fyrir vinnu sem



Er þetta ekki rómantísk mynd?

Woodstock. Hans framtíðaráform eru að spila sem lengst í körfunni, halda heilsu þar og njóta lífsins til fulls. Hann er mjög hjátrúarfullur og spilar alltaf með sama númerið í leik og sefur alltaf sömu megin í rúminu. Hann hræðist hunda og snáka í sjónvarpinu, þó helst í hryllingsmyndum. Hans mesta gleði var þegar sonur hans fæddist og ver-slunarmannahelgarn-ar 83-90. Hann lýsir sér sem þægilegum nagla og eru flestir sammála honum í því.

byrjar 7:30. Vinnan stendur til 16:30 og þá fer ég heim að borða og legg mig í tvo tíma og fer svo að á æfingu eða að þjálfa. Kem svo heim og slappa af um stund og geng svo til náða.

Hvað finnst Halla Leifs sexý? Vöxtur, útlit og framkoma.

Að lokum: Ertu rómantískur? "Já á minn eiginn hátt", sagði Halli rómó Leifsson að lokum. Svo yfirgáfum við hann og leyfðum honum að fara að sofa.

SMÁ AUGLÝSINGAR

LEIKSKÓLA- KLÚBBURINN

Óskum eftir félögum í leikskólaklúbbinn til að fylla upp í gönguhópinn okkar um helgar. "SINDRI, LÚLLI OG FÉLAGAR"

ELDRI STRÁKAR ATHUGIÐ!

Tvær ungar og efni-
legar stúlkur
auglýsa eftir
kynlífsþrælum helst
yfir tvítugt og þeir verða
að æfa körfubolta.
"BEBBA OG DAGFINNA"

ÉG BÍT EKKI Á RYÐGAÐAN ÖNGUL "ÆÐIBER"

LEIKENDUR ATHUGIÐ
Óskum eftir leikurum í
nýja "fullorðinsmynd"
"MÓTORHJÓLAGENGIÐ"

ANNA ER TÝND
Hefur einhver séð hana
Önnu mína á ferli?
Síðast sást hún inni
stofu 3 með Bjarka Þór.
Sig. Arnar

Ég er búinn að gleyma
því.

Ævisaga í máli og myndum

Aðallega myndum

Hrafnhildur (Habbý)
Sigurðardóttir



(1) 5 ára með systkinunum.



(2) 9 ára með hluta af fjölskyldunni.



(3) 10 ára með systkinum.



(4) 10 ára í sveit.



(5) 12 ára á
kafi í freknum.



(7) 20 ára með dóttur sinni og syni.




(9) Þrítug með vinkonunum
(takið eftir greiðslunni).

(6) Stórglæsileg
í fermingar-
fötunum.




(8) 29 ára að stokka spil.



(10) Þrítug með syn-
inum í hvalstöðinni.




(11) Hálf-fertug í
góðum selskap.




THE EINSTEINS '95

KANINS



VID REYKJUM-ERKI

FORMANNASPJALL



Nafn: Sindri Birgisson.
F.d: 24. febrúar 1980.
Maki: Enginn.
Stjórnumerki: Fiskur.
Draumastarf: Læknir.
Draumabíll: Ferrari Testarósa eða F40 Lamborgini Diablo.
Stendur fólk upp fyrir þér í strætó? Já, ef ekki hefur það verra af.
Hvernig er að vera formaður? Gaman, nóg að gera.
Uppáhalds spakmæli: Ekki er allt gull sem glóir.
Skónúmer: 40
Uppáhalds íþróttagrein: Engin sérstök.
Foreldrar: Biggi og Edda.
Systkyni: Heiða, Hrund, Högni, Fylkir og Þór.
Framtíðaráform: Fara í framhaldsskóla, læknaskólann, verða RÍKUR og eignast fjölskyldu.
Hvað finnst þér um 100 kr. myntina? Ömurleg. Ljótur fiskur. Svo er hún óþægileg í meðhöndlun.
Uppáhaldslag: Mörg þúsund.
Uppáhaldstónlistarmaður: Margir, fremstur í flokki er þó Eric Clapton.
Farartæki: Mongoose fjallahjól.
Ertu heiðarlegur? Það fer eftir því hvaða merking felst í orðinu.



Nafn: Ragnheiður Magnúsdóttir.
F.d: 6. maí 1980.
Maki: Margir.
Stjórnumerki: Nautið.
Draumastarf: Sjoppukerling á sextugsaldri eða neðanjarðarjarðfræðingur í hlutastarfi.
Draumabíll: Bjallan hans Ole Jakobs.
Stendur fólk upp fyrir þér í strætó? Nei, glætan. Eða skrifaðu jú.
Hvernig er að vera formaður: Alveg ágætt. Það er mikið að gera.
Uppáhalds spakmæli: Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni.
Skónúmer: 40
Uppáhalds íþróttagrein: Karfa
Foreldrar: Hulda og Óli.
Systkyni: Ólöf Lilja og Jóhann Bjarki.
Hvað finnst þér um nýju 100 kr. myntina: Ókey en of lík 50 kr peningnum seðillinn var betri.
Uppáhaldslag: Óteljandi, nýtt á hverjum degi.
Farartæki: Mínir yndislegu fætur
Ertu heiðarlegur? Ég reyni að vera það.

Meiriháttar úrval af jólafötum og jólagjöfum

Jólagjöfin í ár



Vettlingar 990 - Húfa 990

Gleðileg jól gott og farsælt komandi ár þökkum viðskiptin á árinu

ROXY

ALLT það besta

*Dans
Rave
Hardcore
kvikmyndatónlist
Rokk
o.fl o.fl.*

Munið 10% skólaafsláttinn

HLJÓMSÝN

Fremstir í tónlist á Vesturlandi

*Þú færð
jólagjöfina
handa þínum
há
okkur*

ÚRA- OG SKARTGRIPAVERSLUN

*Guðmundur B. Hannah
Suðurgötu 65 - Sími 431-1458*

**ER BÍLLINN AÐ
"BURRA"
SITT SÍÐASTA?**

**KOMDU MEÐ HANN
TIL OKKAR**

ALMENNAR
BÍLAVIÐGERÐIR - RÉTTINGAR
SPRAUTUN - BÍLAPARTASALA

**Bíla- og vélaverkstæði
Björgvins Eypórssonar**
Ægisbraut 11 - Sími: 431-1224

Skyndimyndir



1. Nafn ?
Rut Sigurmonsdóttir.
2. Upphaldsklæðnaður ?
Stutt pils, háir skór og þröngur bolur því það er svo getnaðarlegt.
3. Hvaða skoðun hefur þú á kynlífi ?
Það er geðveikt, mæli með því, allir hafa gott af því (í hófi)
4. Framtíðaráform ?
Ferðast út, verða stærri (dream on)
5. Hvers munt þú sakna mest þegar þú ferð úr skólanum ?
Sigtryggs, hann er svo góður kennari.
6. Eitthvað að lokum ?
Ég elska ykkur öll.



1. Nafn ?
Jófríður María Guðlaugsdóttir .
2. Skemmtilegasta fag ?
Danska, svo létt og skemmtileg.
3. Upphaldsfaratæki ?
Puch, spenna og kraftur
4. Fallegasta orð sem þú hefur heyrt ?
Árman, bara að gamni.
5. Hvað ertu með í pennaveskinu ?
5. penna, 2. blýanta, 2. blýpenna og 2. strokleður.
6. Eitthvað að lokum ?
Jójó biður að heilsa.



1. Nafn ?
Helena Rut Steinsdóttir.
2. Upphalds náttföt ?
Stuttbuxur og bolur.
3. Fyrirmynd í skólanum ?
Stefán Andri því hann er svo góður í fótbolta.
4. Hvað ertu með í vösunum ?
Ekkert, ég var að láta Laufey fá peningana.
5. Draumaprins/prinsessa ?
Meðalhár, dökkhærður með meðalsítt hár.
6. Eitthvað að lokum ?
Ég hef ekkert að segja.



1. Nafn ?
Maron Kjærnested.
2. Upphaldsnáttföt ?
Nærbuxur og ekkert annað. Það er svo þægilegt.
3. Fyrirmynd í skólanum ?
Ásgeir því hann er svo skemmtilegur og góður í fótbolta.
4. Hvað ertu með í vösunum ?
Ekkert því hann flýtti sér í buxurnar.
5. Draumaprins/prinsessa ?
Ljóshærð með blá augu og leikur í Dangerous Minds.
6. Eitthvað að lokum ?
Maron þakkar fyrir sig og fer í tíma.



1. Nafn ?
Stefán Orri Sverrisson.
2. Skemmtilegasta fag ?
Smíði, þarf ekki að læra heima.
3. Upphaldsfaratæki ?
Bátur, svo gaman.
4. Fallegasta orð sem þú hefur heyrt ?
Falleg og vel vaxin.
5. Hvað ertu með í pennaveskinu ?
Blýpenna og strokleður í töskunni.
6. Eitthvað að lokum ?
Ég elska Guðna Jóhann



1. Nafn ?
Stefán Magnússon.
2. Upphaldsklæðnaður?
Jakkaföt, því þau eru svo fín.
3. Hvaða skoðun hefur þú á kynlífi ?
Það höfðar 100% til mín því ég geri allt sem Gerður segir.
4. Framtíðaráform ?
Óráðin.
5. Hvers munt þú sakna mest þegar þú ferð úr skólanum ?
Sigtryggs því hann er svo myndinn.
6. Eitthvað að lokum ?
"Ooh hvað ég er hittinn" segir hann eftir að hann hitti svalanum ofan í ruslið.

NAFN ?
Almar Björn Viðarsson.

FÆÐINGARD. OG ÁR ?
3. september 1981.



HEIMILI ?
Jörundarholt 9.
(sambýlið)

BEKKUR ?
9-GS.

LEIÐINLEGAST AÐ GERA ?
Læra heima.

SKEMMTILEGAST AÐ GERA ?
Sofa, ekki spurning!

SÍMI ?
431-3006.

FAX ?
Því miður er ég ekki með fax.

UPPÁHALDS ÍPRÓTTAMAÐUR ?
Dominique Wilkins.

ERTU HREINN SVEINN ?
Já (djöfulsins).

LÝSTU ÞÉR Í ÞREMUR ORÐUM ?
Snillingur, töffari, sætastur!!

ERTU Á FÖSTU ?
nei ekki núna.

ERTU Á LYFJUM ?
Nei, auðvitað ekki.

NEYÐARLEGASTA SEM ÞÚ HEFUR LENT Í ?
Þegar ég ætlaði að stela en mér mistókst.

SKEMMTILEGASTA SEM ÞÚ HEFUR LENT Í ?
Þegar að Erla og Lovísa buðu mér heim til sín.

DRAUMAMAKI ?
Erla Björk (10.SK)

STUNDARÐU FÉLAGSLÍFIÐ ?
Já, af fullum krafti . Bæði í Arnardal og heima.

ERTU ENGILL ?
Já ég mundi segja það.

HUGSARÐU MIKIÐ UM ÚTLITIÐ ?

Já, það skiptir miklu í lífinu.

HVER FINNST ÞÉR AÐ SPURNING BLAÐSINS
ÆTTI AÐ VERA ?

Eru þið á móti Tíbrá eður ei.

UPPÁHALDSLITUR ?

Bleikur og blár.

UPPÁHALDSHÁRALITUR ?

Eins og á mér.

UPPÁHALDSEFNI ?

Ekki spurning, það er stroffið.

HVAÐ GERIRÐU UTAN SKÓLATÍMA ?

Fer í "barnadal".

HVER ER MEST SEXÝ KONA/KARL SEM ÞÚ
HEFUR SÉÐ ?

Pamela Anderson og Páll Óskar.

FINNST ÞÉR HEIÐAR SEXÝ ?

Já, eins og myndin sýnir.

ERTU RÍKUR KRAKKI ?

Já heldur betur. Ég á 170.000 kr tölvu,
sjónvarp, síðan á ég 210.000 kr inn á
banka. Ekki má gleyma fataskápnunum.

FINNST ÞÉR HEMMI GUNN

SKEMMTILEGUR ?

Já en ekki skemmtilegri en Lovísa og Erla.

FRÓAR ÞÚ ÞÉR ?

Ykkur smákrökkunum kemur það ekkert
við.

HEFURÐU STOLIÐ

Já, það verð ég að viðurkenna.

ERTU Á MÓTI VÍMUEFNUM ?

Já.

RAKAR ÞÚ ÞIG ?

Já, hvað heldur þú að ég sé?

STENDUR ALMAR SIG VEL Í NÁMI (Gummi
kennari verður fyrir svörum)?

Almar er duglegur drengur og stendur sig
vel í heimanámi. Hann er snillingur á öllum
sviðum!

VILTU SEGJA EITTHVAÐ AÐ LOKUM ?

Gleðileg jól og farsælt komandi ár, þakka
það liðna.

Munið svo að senda mér jólakort en alltaf
er skemmtilegt að fá jólapakka!!!

AKURNESINGAR

Jólasmaakökurnar, bakaðar úr hreinu
íslensku smjöri.

Munið okkar frábæru laufabrauð,
seld bæði steikt og ósteikt

Óskum Akurnesingum
Gleðilegra jóla

og þökkum viðskiptin í gegnum tíðina

Harðarbakarí

STJÖRNUSPÁIN

Steingeitin:

22. des.-14. jan.

Þú verður mjúkhentur í
dag, sem gæti nýst þér á
sérhæfðu, persónulegu
sviði sem ekki verður farið
nánar út í hér. Gott mál.

Vatnsberinn:

20. jan.- 18. feb.

Ástarmál blómstra en ekki
reyna við hitt kynið, það
gæti haft slæmar
afleiðingar (munið sam-
komu samkynhneigðra
Akurnesinga).

Fiskarnir:

19. feb.- 20. mars.

Fólk í þessu merki ætti að
synda í klaustur. Ekkert
kynlíf????!!!!!!

Hrúturinn:

21. mars - 19. apríl.

Þú ferð í ferðalagið í dag,
þú ferð forgörðum. Ekki
berja heimilisfólkið meira,
það stjórnar ekki sjón-
varpsdagskránni.

Nautið:

20. apríl- 20. maí.

Tengdó kemur í heimsókn,
leyfðu henni að koma upp
úr kjallaranum og
minnsta kosti að sofa í
baðkarinu.

Tvíburarnir:

21. maí- 21. júní.

Happatala er 3246 +
76476 *758 :41 =
S.R.L.A.F.A.

Krabbinn:

22. júní- 22. júlí.

Ekki kaupa jólagjafir því
það er miklu betra að fá
þær. Sparaðu peningana
búðu til þínar eigin
sprengjur fyrir áramótin,
þú ratar í ríkið.

Ljónið:

23. júlí - 22. ágúst

Þú verður mörgæs í dag.
Það kemur náttúrurlega
niður á vaxtarlaginu en þér
verður ekki kalt fyrir vikið.
Og svona okkar á milli,
hverjum er ekki sama um
þitt vaxtarlag?

Meyjan:

23. ágúst - 23. sept.

"SJÁLFS ER HÖNDIN
HOLLUST!" Haltu hrein-
leikanum.

Vogin:

24.sept.- 23. okt.

Er ekki kominn tími á klipp-
ingu og bað. Að minnsta
kosti fara úr jólanærbofn-
um frá í fyrra.

Sporðrekinn:

24. okt. - 21. nóv.

"HÆ"!!!! Klæðnaður þinn
stingur í augu og stúf.
Vaxtarlagið leyfir ekki
þennan fatasmekk. Farðu í
fötin aftur.

Bogmaðurinn:

22. nóv.- 21. des.

"BÆ"!! Komdu svo aftur.
Það er svo gaman þegar
þú ferð.

NIÐURSTÖÐUR SKOÐANAKÖNNUNAR

OFVIRKASTA MANNESKJAN:
varð að þessu sinni Katla æðiber í 10.S
mynd 4



BRYNDÍS GYLFADÓTTIR
þótti vera besta sál skólans



KRÚTT GRUNDASKÓLA
eru að þessu sinni tvö: Egill í 8. bekk
og Almar í 9. bekk



NÁMSMAÐUR
SKÓLANS
er Þórbergur í
10.S



MÖRG PÖR SKÓLANS voru kosin flottust,
þar á meðal Ása og Ásgeir og
Þóra og Þröstur




KATLA OG STEINI
eru víst alveg óaðskiljanleg.



GLÆSILEGASTA
STELPAN
er Ása Valgerður
en einnig fengu
Helga Lind og Svandís
mörg atkvæði.




GLÆSILEGASTI
STRÁKURINN
er Sindri en einu atkvæði á
eftir honum var Valur.



MARGIR NEMENDA SKÓLANS
töldu að Sigrún og Ármann
myndu sóma sér vel í foreldrahlutverkinu.



KROPPAR SKÓLANS ERU
Helga Lind og Bjarki Þór.



ÞAÐ ER GREINILEGT AÐ VIÐ HÉR Í GRUNDASKÓLA
EIGUM MARGA GÓÐA KENNARA
en þó virðist sem nemendum
líki best við þau
Sigurð Arnar og Ragnheiði Ásgeirs



EINNIG FÍLA nemendur hverjir aðra í
druslur og finnst að
gangaverðirnir séu alveg
steiktar dúllur.

Könnun á málskilningi Grundskælinga

“ERTU GUÐSGELDINGUR” (rola)?




ÁSGEIR 10.S.K

“Nei, ég er ekki eins og pabbi”.

“ERTU HLEYNAGLEIÐUR” (montinn)?

ALMAR 9.GS

“Já, því að ég er svo illur.”



PRÖSTUR 10.L.J

“Já, því að pabbi vildi það”.



MARON 8.BE

“Já, því ég er svo góður að læra.”

VALUR 10.S.K

“Nei, ég er alltof massaður”.


EGILL 8.FE

“Já, því að ég er ég.”



HANNES 9.R.Á

“Já, því að ég trúi á guð”.




DAGBJÖRT 8.FE

“Já, því ég drekk alltaf kókómjólk.”



NÁMSMANNALÍNA BÚNAÐARBANKANS

SVARAR
KRÖFUM
NÁMSMANNA



BÚNAÐARBANKINN
-Traustur banki

HVITA HUSID / SÍA

**GLÆSILEGT
ÚRVAL
GULL- OG
SILFUR-
SKARTGRIPA**

GLEÐILEG JÓL
GOTT OG FARSÆLT
NÝTT ÁR
ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN
Á LIÐNU ÁRI

MODEL

STILLHOLTI 18 - 431 3333

Topp Sól

Mánud.-föstud.
15-22

Laugard.-sunnud.
14-19

*Við óskum öllum
Akurnesingum
gleðilegra jóla*

KROSSVÍK

Óskum
Akurnesingum

gleðilegra jóla
og farsældar
á nýju ári

KROSSVÍK H
F

VESTURGÖTU 5
SÍMI 431-4340 - FAX. 431-4341

Hárhús Kötlu

Stillholti 14 - Sími 431-3320

Óskum eftir
öllum stærðum
og gerðum af
hausum til
meðferðar

Katla, Svava, Sossa
og Stefa

ALLT Í JÓLAFÖNDRÍÐ



? Hefur þú
upplýsingar um
ólöglega
áfengis - eða
eiturlyfjasölu?

Tilkynningasími
lögreglu er:

431-1670

FALLEGAR
OG
NYTSAMLEGAR
JÓLAGJAFIR



ÞÚ FÆRÐ
ALLAR
MATVÖRUR
TIL
JÓLANNA



VERSLUNIN
EINAR ÓLAFSSON
SKAGABRAUT 9-11
SÍMI: 431-2015

Bæjar- og héraðsbókasafnið
Akranesi

ÞÚ FÆRÐ
ÞAÐ Á
BÓKASAFNINU

TÍMARIT * BÆKUR * DAGBLÖÐ
MYNDBÖND * HLJÓÐSNÆLDUR
FRÆÐSLA * SKEMMTUN
AFPREYING

Almenningsbókasöfn
... góður kostur

LÁTTU ÞIG

SJÁST

Í MYRKRINU

Hjá ELDVÖRN færð þú endurskins-
borða yfir mitti og öxl.
Einnig endurskins-höfuðbönd,
úlnliðabönd og vesti.
Böndin eru litekta og þola þvott.

Fyrir trimmara og göngufólk:
Blikkljós (20 g) blikka 70 sinnum á mín.
Sjást í allt að 500 metra fjarlægð.

HJÁ ELDVÖRN FÆRÐ ÞÚ ALLT
TIL ELDVARNNA

ELDVÖRN
ÞJÓÐBRAUT - S: 431-3244



UK-17



FJÁRMÁLIN ÞÍN ERU Í ÖRUÐGUM
HÖNDUM HJÁ OKKUR



ÍSLANDSBANKI

KIRKJUBRAUT 40 - AKRANESI - SÍMI 431 3255

Grundaskóli



16758191